

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1988

28. apríl 1988

507

Nr. 207

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 522
og hitaveitur nr. 525, 27. nóvember 1987.**

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976 um Orkubú Vestfjarða, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku og hitaveitur til að öðlast gildi 1. maí 1988:

Allir liðir gjaldskránnar hækki um 2,7%

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

22. apríl 1988

Nr. 208

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysatrygginga
skv. 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.**

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

„Iðgjald álagt árið 1988 skal nema 0,23% af gjaldastofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 142/1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

B 36

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg